

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

732. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 2. janúar 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Samningur við Urðun ehf..
3. Bréf Auðbjargar K. Magnúsdóttur.
4. Bréf Félags tónlistarskólakennara.
5. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi ásamt fundargerð Almannaþingarnefndar.
6. Bréf Orkustofnunar.
7. Fundur Sambands ísl. sveitarfélaga.
8. Bréf Umhverfisstofnunar.
9. Bréf Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi s.s. snjómokstur, umhverfismál ofl. Byggðarráð heimilar sölu á vinnuskólabíl VM-679.
2. Lagður fram endurnýjaður samningur við Urðun ehf. um landleigu og þjónustusamning vegna geymslusvæðis á Syðri Kárastöðum. Byggðarráð samþykkir framlagðan samning.
3. Lagt fram bréf Auðbjargar K. Magnúsdóttur dags. 28. desember 2011 um ástand hitaveitukerfis norðan Hvammstanga. Forstöðumanni tæknideildar falið að tryggja notendum á þessari hitaveitulögn nægjanlegan þrýsting á veitunni. Elín Jóna Rósinberg vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.
4. Lagt fram til kynningar bréf Félags tónlistarskólakennara. Ályktun gegn niðurskurði í tónlistarskólum.
5. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 14. desember 2011 um framtíðarfjármögnun Almannaþinga Húnaþingssýslna. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu um fjármögnun. Einnig lögð fram til kynningar fundargerð Almannaþingarnefndar frá 27. september 2011.
6. Lagt fram bréf Orkustofnunar dags. 12. desember 2011. Jarðhitaeftirlit, tíðni mælinga og útgáfa skýrslna. Forstöðumanni tæknideildar falið að svara erindinu.
7. Lögð fram fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga frá 16. desember 2011. Elín R. Línadal kynnti.
8. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðanefnd. Málinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
9. Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 21. desember 2011 Umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012. Húnaþing vestra fær úthlutað 66 þorskígildistonnunum. Sveitarstjóra og formanni byggðarráðs falið að fara yfir reglur um úthlutun byggðakvótans. Samþykkt að taka á dagskrá.
10. Lögð fram tilnefning hreppsnefndar Bæjarhrepps dags 30.12.2011 á áheyrnarfulltrúum í ráð og nefndir Húnaþings vestra.

1. Byggðaráð til eins árs, aðalmaður:

Sigurður Kjartansson.

Byggðaráð til eins árs, varamaður:

Guðmundur Waage

2. Félagsmálaráð aðalmaður:

Guðmundur Waage

Félagsmálaráð varamaður:

Jóna Gunnarsdóttir.

3. Fræðsluráð aðalmaður:

Sigrún Waage

Fræðsluráð varamaður:

Jóhann Ragnarsson

4. Landbúnaðarráð aðalmaður:

Jóhann Ragnarsson

Landbúnaðarráð varamaður:

Ingimar Sigurðsson

5. Menningar- og tómstundaráð aðalmaður:

Jóna Gunnarsdóttir

Menningar- og tómstundaráð varamaður:

Gísli Kjartansson

6. Skipulags- og umhverfiráð aðalmaður:

Gísli Kjartansson

Skipulags- og umhverfiráð varamaður:

Sigurður Kjartansson

7. Fjallskilastjórn Bæjarhrepps aðalmenn:

Ingimar Sigurðsson

Jónas Jónasson

Hannes Hilmarsson

Fjallskilastjórn Bæjarhrepps varamenn:

Sigurður Geirsson

Sveinbjörn Jónsson

Gunnar Benónýsson

Byggðarráð samþykkir tillögu hreppsnefnd Bæjarhrepps frá 30.12.2011 um áheyrnarfulltrúa í nefndir og ráð Húnaþings vestra og er það í samræmi við sameiningaryfirlýsingu sveitarfélaganna.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:04

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari